

Íslenska kalkpörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Egilsstaðir, 29.10.2024
UST202401-245/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 26. september 2024 - Íslenska kalkpörunga- félagið, Bíldudal, ID 3

Þann 26. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í kalkpörungaverksmiðju, Íslenska kalkpörungafélagsins, Bíldudal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fimm frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Ryk í útblæstri eldri þurrkara var yfir mörkum í mælingu 8. og 9. maí 2023. *Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður nýjum búnaði komið fyrir á eldri þurrkaranum og eru áætluð verklok í lok árs 2024.*
2. Styrkukning svifagna á mælipunkti nr. 3 var 52 mg/l þann 27. september 2022. *Niðurstöður mælinga árið 2023 voru í samræmi við kröfur í starfsleyfi og er frávikinu því lokað.*
3. Hávaði í íbúabyggð mældist oft yfir leyfilegum mörkum árið 2022. *Hávaðamælingar árið 2023 sýna ekki fram á breytingu og því ekki tilefni til að loka frávikinu.*
4. Hávaði var ekki mældur á þeim stöðum sem tilgreindir eru í starfsleyfi. *Nýjum mælipunkti hefur verið bætt við í mælingar rekstraraðila og er frávikinu því lokað.*
5. Styrkukning svifagna utan við setlón við uppdælingu í júní 2022 var yfir mörkum. *Niðurstöður mælinga árið 2023 voru í samræmi við kröfur í starfsleyfi og er frávikinu því lokað.*

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu:

1. Við uppsetningu olúskilju skal m.a. fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olúskiljur og gr. 3.11 í starfsleyfi rekstraraðila.

Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Vindbrjótar sem skv. starfsleyfi átti að setja upp fyrir lok janúar 2024 eru ekki til staðar.
2. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist 21 mg/Nm³ þann 9. maí 2023.
3. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist 33 mg/Nm³ þann 5. desember 2023.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. nóvember 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri